

Þitt fyrirtæki getur lagt sitt af mörkum til baráttunnar



Bleika slaufan 2025

Þitt fyrirtæki getur lagt sitt af mörkum til baráttunnar

Bleika slaufan er árlegt átaksverkefni Krabbameinsfélagsins tileinkað baráttunni gegn krabbameinum hjá konum. Þitt fyrirtæki getur lagt sitt af mörkum til baráttunnar með því að gerast samstarfsaðili Bleiku slaufunnar.

Hvernig verður þitt fyrirtæki samstarfsaðili?

Fyrirtæki geta farið ýmsar leiðir í því að verða samstarfsaðili Bleiku slaufunnar, t.d. með því að:

- Selja vöru eða þjónustu og styrkja átakið um ákveðna upphæð eða hlutfall af söluverði.
- Gefa hluta af veltu dags eða tímabils til átakins.
- Gefa fasta upphæð fyrir hverja afgreiðslu eða skráningu.
- Halda bleikt boð eða viðburð og safna fé.
- Taka þátt í **Opnunarhátíð Bleiku slaufunnar**.

Nánari upplýsingar



Samstarfsaðilar áberandi í miðlum Krabbameinsfélagsins

Krabbameinsfélagið leggur áherslu á að nýta alla sína miðla og viðburði til að vekja athygli á vöru og þjónustu þeirra fyrirtækja sem eru samstarfsaðilar Bleiku slaufunnar.

Hér eru nokkur dæmi:

- Samstarfsaðilar fá umfjöllun á vef Bleiku slaufunnar.
- Upplýsingum um samstarfsaðila, vörur þeirra og þjónustu er miðlað á samfélagsmiðla Bleiku slaufunnar.
- Við sendum fjölpóst á póstlista félagsins (70.000 netföng) 2-3 sinnum í október til að vekja athygli á samstarfsaðilum.
- Samstarfsaðilum er boðið að vera með bás á **Opnunarhátíð Bleiku slaufunnar** sem fram fer í Borgarleikhúsinu þriðjudaginn 30. september.
- Samstarfsaðilar fá aðgang að fjölbreyttu kynningarefni sem þeir geta nýtt á vef- og samfélagsmiðlum og útgefnu efni.

Gerast samstarfsaðili



Opnunarhátíð Bleiku slaufunnar

Opnunarhátíð Bleiku slaufunnar 2025 fer fram í Borgarleikhúsinu þriðjudaginn 30.

september.

Þar gefst samstarfsaðilum Bleiku slaufunnar tækifæri til að kynna vörur sínar og þjónustu fyrir gestum opnunarhátíðarinnar.

Þau fyrirtæki sem vilja nýta sér þetta tækifæri eru hvött gerast samstarfsaðilar sem fyrst.

Gerast samstarfsaðili



Bleiki dagurinn miðvikudaginn 22. október

Á Bleika deginum hvetjum við landsmenn til að **vera bleik - fyrir okkur öll** bera slaufuna, klæðast bleiku og lýsa skammdegið upp í bleikum ljóma svo allar konur sem greinst hafa með krabbamein finni stuðning okkar og samstöðu.



Krabbameinsfélagið

Skógarhlíð 8

Netfang: krabb@krabb.is

Opnunartími mán. - fim. kl. 8:30 - 16:00 / fös kl. 8:30 - 14:00

540 1900 Aðalnúmer

800 4040 Ráðgjafarþjónusta

540 1990 Minningarkort